

**SAMPYKKT**  
**um breytingu á samþykkt um stjórn**  
**sveitarfélagsins Rangárþings eystra nr. 102/2014.**

1. gr

39. gr. samþykktarinnar sem ber heitið „Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að“ verður svohljóðandi:

**A. Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Byggðarráð*. Kjósa skal þrjá sveitarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga og 26. gr. samþykktar þessarar.
- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum.
1. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar*. Kjósa skal þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998 og skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í undirkjörstjórnir, jafnmargar og kjördeildir eru.
2. *Fagráð Sögusetors*. Þrír aðalmenn og þrír varamenn.
3. *Fjallskilanefnd Fljótshlíðar*. Einn aðalmaður og einn varamaður, sbr. fjallskilareglugerð.
4. *Fjallskilanefnd V-Eyjafjalla*. Tveir aðalmenn og tveir til vara, sbr. fjallskilareglugerð.
5. *Fræðslunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og sbr. erindisbréf.
6. *Heilsu-, iþrótt- og æskulýðsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. erindisbréf.
7. *Héraðsnefnd Rangæinga*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
8. *Landbúnaðarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
9. *Markaðs- og atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
10. *Menningarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
11. *Jafnréttisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
12. *Orku- og veitunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
13. *Samgöngu- og umferðarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
14. *Skipulagsnefnd Rangárþings eystra*. Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 3. mgr. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
15. *Umhverfis- og náttúruverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. erindisbréf.
16. *Velferðarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
17. *Skurðaneftnd A-Landeyja*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.
18. *Skurðaneftnd V-Landeyja*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. erindisbréf.

**C. Einnig kýs sveitarstjórn til fjögurra ára fulltrúa í eftirtalin samstarfsráð, nefndir og stjórnir:**

1. *Almannavarnanefnd*. Einn aðalmaður og einn varamaður skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
2. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
3. *Sameiginleg félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu*. Sjö aðalmenn og sjö til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og skv. 10. gr. barnaverndarlagi nr. 80/2002.
4. *Stjórn Héraðsbókasafns Rangæinga*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv III. kafla bókasafnalaga nr. 150/2012.
5. *Stjórn Brunavarna Rangárþings bs*. Einn aðalmaður og einn varamaður.
6. *Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs*. Einn aðalmaður og einn varamaður.

7. *Stjórn félags- og skólahjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslna bs.* Einn aðalmaður og einn varamaður.
8. *Samstarfsnefnd löggreglu og sveitarstjórna.* Í hverju löggreglumdæmi skal starfa samstarfsnefnd um málefni lögreglunnar. Í henni sitja þrír menn: Lögreglustjóri viðkomandi umdæmis sem jafnframt er formaður nefndarinnar og tveir sveitarstjórnarmenn tilnefndir af hálfu sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem eru í löggreglumdæminu, skv. 12. gr löggreglulaga nr. 90/1996.
9. *Stjórn Hulu bs.* Einn aðalmaður og einn varamaður.

**D. Verkefnabundnar nefndir.**

Sveitarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Sveitarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 16. október 2014.*

F. h. innanríkisráðherra,

**Hermann Sæmundsson.**

---

*Stefanía Traustadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 31. október 2014